



Samtök
fjármálafyrirtækja

Reykjavík 3. nóvember 2020

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978 (greiðslufrestun), 205. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var við vinnslu þess haft samráð við SFF. Samtökin styðja afdráttarlaust lögfestingu frumvarpsins sem allra fyrst. Lögfesting frumvarpsins mun greiða fyrir hraðari afgreiðslu skilmálabreytinga á lánum fólks og fyrirtækja sem þurfa á greiðslufrestum að halda vegna tekjufalls sem orðið hefur í tengslum við kórónuveirufaraldurinn.

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur